



## Ræða í Hallgrímskirkju, ódagsett.

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Ræður – Hallgrímskirkja – Kristni – Kristin Trú - Miðjarðarhaf

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-4, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Góðir samkomugestir, konur og karlar:

Þegar komið er að sunnanverðum botni Miðjarðarhafs um þetta ársleyti, lítur landið út svipað og hér seint vetrar eða snemma vors, áður en verulegur gróður hefst. Að vísu má sjá á stöku stað græna díla eins og að vori, tún hér á landi, þ.e. þar sem vatn nær til að frjóvga landið með einum eða öðrum hætti, en lang víðast þá er grasið brúnt, skrælnað, svo að erfitt er að greina á milli grass, moldar og eyðisanda, svo segja má að eyðisvipur sé yfir meginhluta landsins.

Þetta er ef til vill einn dapurlegasti tími af þessum sökum til að heimsækja þennan heimshluta, þó að veðrið annars hafi verið svo gott þá daga, sem við dvöldum þarna suður frá, að heitara var en heitast er á sumri hjá okkur, og þegar suður eyðimörkina kom þá var ekki viðlit að vera klæddur, jafnvel ekki í jakka heldur á skyrtunni einni fyrir þá, sem okkar veðráttu eru vanir. Engu að síður töldu heimamenn þetta kalt og minntu okkur á að kominn væri vetur. Það var einn laugardag að við fórum í sjóinn og okkur fannst hann, þegar við vorum búin að svamla þar um, beinlínis heitur, sandurinn brennandi heitur. Ísraelsmaður sagði við mig, að hann væri vanur að fara í sjóinn hvenær sem hann kæmist að sumri til. Okkar vegna lét hann sig hafa þetta í þetta skipti, en honum fannst hrollkalt og sumir samferðamennirnir lögðu alls ekki í það ævintýri að baða sig svona um hávetur, að þeirra dómi. Aftur á móti segja þeir, að landið sé einna fegurst þegar kemur fram í febrúarlok og mars-apríl. Þá verði, sérstaklega í Galileu, allt blómum skrýtt og mjög fagurt um að lítast. En sem sagt sá tími, sem við komum þarna, var rétt á undan því að regntíminn hefst og vegna reguleysisins hafði allt skrælnað, það var einungis grænt að sjá þar sem eitthvað vatn náði til. Þegar búið er að rigna nokkrar vikur, þá blómgast þetta allt upp. En það er fleira einkennilegt við landið í okkar augum og það er, að mikið og einkanlega flestar af hinum gömlu borgum og þorpum eru byggð uppi í fjallum og á fjallatindum. Það á við um sjálfa höfuðborgina, Jerusalem, sem er byggð á fjallatindum mjög mörg hundruð metra háum uppi í landinu, það á einnig við um allflestu minni bæi gamla, eins og Nazaret og marga fleiri sögukunna staði,

sem ég skal ekki nefna. Okkur finnst það með ólíkindum, að það sé hægt að búa þannig á fjöllum, sem nú, að minnsta kosti, virtust hálf eyðileg. En þeir hafa valið sér staði þarna áður fyrri og ætíð, bæði vegna þess, að það er hægst að verjast á fjallatindunum, þar er svalast og eins fer þá minnst af gróðurmoldinni til byggðarinnar. ~~Þetta er~~

Þetta er í fáum orðum sagt um yfirbragð landsins, en okkur var einnig gerð grein fyrir því, að svipur landsins er nú með mjög öðrum hætti, minnsta kosti sumsstaðar, heldur en hann var til dæmis á Krists dögum. Þá voru áveitur víða, sem síðar eyðilögðust smám saman, svo að byggð var þar víða og jafnvel stórborgir, þar sem nú er að mestu leyti auðn. Þannig er úr fornum sögum kunn borgin Cesarea, sem var nokkuð norðarlega, Ísrael...? sem áður var stór borg. Þar er nú að mestu leyti auðn, en ~~þetta er~~ alveg nýlega hefur verið hafinn uppgröftur með þeim árangri, að nú þegar er búið að grafa upp ~~þetta er~~ virki frá miðöldum, sem krossfarar höfðu reist sér, mjög merkilegt að skoða, það er virkisborg. Þar rétt hjá er gamalt, ~~þetta er~~ hálf.....leikhús frá Rómverjatímum og ég hygg, að borgin hafi ~~þetta er~~ orðið einna stærst á Rómverjatímum og mun hafa verið nefnd eftir Ágústusi, sem var kallaður Cesar að viðurnefni. Og það er sérstaklega eftirminnilegt fyrir okkur, að einmitt í þessari borg og uppgrefti, var okkur sýndur steinn, þar sem á var letrað ~~þetta er~~ nafnið Pontius Pilatus, sem er talið að sé gamall legsteinn yfir Pílatus. Þetta er að vísu að nokkru leyti brotið og úrmolað, en þó sést svo mikið, að fróðir menn telja ekki um að villast, enda virtist mér það, að nafnið er þetta okkur kunna nafn. En Gyðingarnir, sem með okkur voru, sögðu, að nafn Pontiusar Pílatusar fyndist hvergi skráð utan Nýja Testamentisins, þangað til það hefði fundist þarna á þessum gamla legsteini nú ekki alls fyrir löngu. Þannig er það, að uppgröftur, sem er eitt af þeim stórvirkjum, sem verið er að vinna í þessu landi nú, hefur á ýmsa vegu sannað sagnir biblíunnar, ekki einungis nýja testamentisins, heldur einnig þess gamla. Við komum suður í eyðimerkurborgina Bersjeba(?), sem nú er kölluð. Þar var tekin mynd af mér á úlfalda, sem birt hefur verið í blöðum, og eins þar sem ég var á skyrtonni að heilsa skólabörnum. Þarna er talið, að Abraham hafi búið áður fyrri með sínum sonum og héraðsstjóri, sem talaði við konu mína, sagði henni, að nýlegur uppgröftur hefði sannað, að þær fornu sagnir, sem sögðu, að

þarna hefði Abraham ~~hæ~~ búið, hefðu nú sannað það, svo að ekki væri um að villast og hefði verið staðfest af sögninni. Hitt þurfti svo ekki að grafa upp, til dæmis þegar við komum suður að Dauðahafinu, þar eru fjallahlíðar úr salti og við stöldruðum einmitt rétt fyrir neðan þar sem að Lot sáluga gnæfir við himin upp á fjallsbrúninni, og það er ekki um að villast, að hún er saltstólpi. Við tókum með okkur saltkristalla úr fjallshlíðinni þar rétt fyrir neðan, en sú fjallshlíð minnir annars mjög mikið á S hálsinn hér suður við Krýsuvík. Það eru litbrigði í henni, að vísu ekki vegna jarðelda eins og við höfum, en skörðót og að ýmsu leyti mjög svipað íslenzku landslagi þarna rétt fyrir ofan Sódóma, sem sagt líkast því sem ber við Kleifarvatn. Aftur á móti þegar var komið nokkuð norðar með Dauðahafinu þá var þar svipað því eins og menn væru að aka með hlíðum fjallanna við Hvalfjörð.

Fyrir þá menn, sem aldir eru upp í kristinni trú, má segja, að við höfum að sjálfsögðu mestan áhuga fyrir að sjá það, sem bundið er við sögu sjálfs trúarbragðahöfundar okkar, Jesús Krists. En á öllu því landsvæði, sem við fórum um, var urmull af sögu-stöðum, sem fylgdarmenn okkar kunnu góð skil á. Þar var mikið úr gamla testamentinu, sem við þekktum ekki eins vel eins og þeir, en það minnti menn á, þegar farið er um fornar slóðir hér á Íslandi, að það má segja við hvert leiti er hægt að finna gamlar minningar, eins ~~og~~ var með okkar fylgdarmenn, þeir bentu á þennan stað og þennan stað, það var getið um hann á þessum og þessum tiltekna stað í gamla testamentinu, við hann bundin ákveðin saga, sem þeir þekktu gjörla, enda sögðu þeir, að í þessu landi væri allt annað hvort tvö þúsund ára gamalt, að minnsta kosti, eða einungis þrjátíu gog fimm ára. En þetta má til sanns vegar færa að því ~~er~~ leyti að þeir hafa verið burtu frá landinu mikinn hluta þess tíma, sem á milli er, en gjörþekkja þess fornu sögu, minnsta kosti þeir, sem menntaðir eru, og ég hygg raunar ~~er~~ allur þorri manna, því að það hefur mjög haldið við Gyðingapjóðinni endurminningin um þeirra fornu heimkynni og ger þekking á þeirra fornu sögu, sem skráð er í gamla testamentinu og öðrum þeirra helgiritum.

Nú er það svo, að Ísrael sem við heimsóttum er <sup>einungis</sup> ~~áttíund~~ nokkur hluti af hinu gamla Gyðingalandi, og margt af því, sem mestur

helgiljómi er yfir, er utan Ísrael, og samkomulagið mill nágranna þar suður frá er slíkt, að þeir, sem koma, að minnsta kosti fyrst, í heimsókn til Ísrael, þeir fá ekki með nokkru móti að koma yfir í nágrannaríkin, allra sízt þeir, sem í opinberri heimsókn eru, og þess er vandlega gætt, að menn komi ekki svo nærri landamærum að hætt sé við, að þeir verði fyrir árásum, eins og þið af nýjum blaðafregnum sjáið að eiga sér nær daglega stað, minnsta kosti á sumum hluta landamæra. Þannig er t.d. Betlehem ekki í Ísrael, og við áttum þess ekki kost að koma þangað, en sáum hana úr fjarlægð einungis. Inn í hina gömlu Jerúsalemborg fengum við ekki að koma. Við urðum að skoða hana einnig úr fjarlægð. Hún er umgirt borgarmúrum og allt, sem innan múra er, er á valdi Jórdaníumanna og öflugur herförður þar í milli. Og í hinni nýju Jerúsalem hygg ég að það séu fáir helgistaðir, sem sérstök tryggð sé bundin við í okkar ~~hæ~~ huga. Þó var okkur bent á þann stað, þar sem talið var að síðasta kvöldmáltíðin hefði verið, en mér skilst þó, að það sé að nokkru leyti bundið við Gyðingabyggingu, eins voru kirkjur frá krossferðatímunum sem ~~okkur~~ okkur var sýnt, en megin hluti þeirra helgu staða, sem í okkar augum eru og við ~~myndum~~ vildum helst sjá í Jerúsalem, var ekki kostur á fyrir okkur að heimsækja. Þeir voru aðallega í Galileu og þá má fyrst telja Nazaret, sem er ein af þeim borgum, sem stendur uppi á fjalli eða fjöllum nú, og þó verulegur hluti borgarinnar niðri í dalverpi á milli fjallahryggja. Þar var okkur sýnt heimkynni fjölskyldu Jesús, sem talið er að hafi verið í hellisskýta neðanjarðar, nú er yfir það byggð kirkja og á þó að byggja aðra ennþá stærri. Eg veit engin sannindi á, hvort þetta eru þau réttu heimkynni hinnar helgu fjölskyldu. Prestarnir kunna á því betti skil en ég, hvort heimildir eru fyrir því, að hún hafi búið í helli, en vel má vera að svo hafi verið og það hafi ekki þótt tiltökumál á þeim tíma. En víst er, að kaþólskir binda mikla helgi við þennan stað og sjálfur páfinn hefði komið þangað í fyrra.

En hvort sem menn sjá nú með eigin augum þau fornu heimkynni Jósefs og Maríu og Jesús eða ekki, þá hlýtur það að hafa djúp áhrif á menn, þá sem í kristinni trú eru uppaldir, að koma til þess bæjar, sem enn að ýmsu leyti er með svipuðum ummerkjum og minnsta kosti á sama stað og Jesús forðum svo lengi dvaldi á.

Þá heimsóttum við einnig við Genesaret-vatnið og komum þar að

á bát, vatnabát frá borginni Tíberías, staðinn Kapalneum, þar sem eru ævafornar rústi af gömlu Gyðingasamkomuhúsi, ..... þar hefur aldrei kirkja verið reist, en þar er það samkomuhús, sem sagt er, að Jesús hafi komið í, og þar er bent á stað, þar sem talið er að móðir Símonar Péturs hafi búið rétt hjá. En á þessum stað er því haldið fram, að Jesús hafi fyrst hafið sinn boðskap. Þar voru gerð ýms kraftaverk, að því er nýja testamentið hermir, og þar valdi hann sína fyrstu postula, eða kvaddi þá til að koma til fylgdar við sig, og síðan er sagt, að þar rétt fyrir utan hafi hann gengið á vatninu og stillt öldurnar. Ekki ýkja langt frá þessum stað er annar staður, þar sem haldið er fram að Jesús hafi breitt -- eða gert það kraftaverk, að metta mörg þúsund manns með örfáum brauðum og fiskum, eins og sagan greinir. Þarna hefur einnig verið gerður merki- legur uppgröftur, sem sannar, að frá því snemma á öldum, eru rústir eftir tvær kirkjur, aðra minni og hina mun stærri, og gólfið í annarri hefur verið mjög fagurlega skrýtt með steinum, mosaik, sem nú er kallað og þar er meðal annars mynd af nokkrum brauðhleifum og fiskum, sem sýnir, að strax snemma á öldum hefur verið haldið fram, að þarna hafi þetta kraftaverk átt sér stað. Báðir þessi staðir liggja við Genesaretvatnið í mjög fögru umhverfi. Við komum þarna rétt fyrir ljósaskiptin, og það var því fegurra um að litast sem þeir lágu undir hlið, sem aldrei þessu vant á þessum tíma árs var græn, en það var vafalaust vegna vatnsveitu, sem um hana hefur legið, en mikil ræktun þar fyrir ofan, og þar í hliðinni, að því er ég ætla í svona hundrað metra hæð, er sá ~~hæð~~staður, sem flestir telja, að fjallræðan hafi verið haldin. Mér skilst þó, að fleiri staðir komi til greina, en leiðsögumenn okkar og sú öruggasta leiðsögubók, sem við höfum undir höndum, segir ótvírætt, að gömul kristin sögn, og hin eina kristna sögn, segi, að einmitt á þessum stað hafi fjallræðan verið haldin. Við höfðum séð þennan stað strax fyrr sama dag, þegar við komum úr annarri átt, hann var ennþá til- komumeiri að sjá neðan frá vatninu, en einnig fagur frá hinni hliðinni. Ég óskaði eftir því, þegar við komum þarna seinna um daginn, að ~~w~~ fara upp hæðina, þótt töluverður krókur væri, til þess að koma einmitt þangað, sem fjallræðan hefði verið haldin, og ég verð að segja það sem veraldlega hugsandi maður,

Þá gerði ég það vegna þess að þó að um það sé hægt að deila og um það sé deilt, hvort kraftaverkin hafi verið gerð eins og helgisagnir herma, og þá með hverjum hætti þau hafi orðið og af hvaða orsökum, þá verður aldrei um það deilt, að fjallræðan var haldin, heldur ekki um það deilt, að hún er ein fegursta ræða og flytur einn háleitasta boðskap, sem til er, ~~þ~~ og þó hún hafi því miður mótað hugarfar okkar og annarra kynslóða minna en skyldi, þá hafa þó fá orð haft meiri áhrif heldur en þau, sem þar voru mælt. Ég sá, og við sáum vissulega ekki eftir að hafa tekið þennan krók á okkur, því að þarna uppi var undurfagurt um að litast og mikill helgiblær. Það má segja því miður hafi þarna verið reist kapella með nokkurri stælingu af Péturskirkjunni í Róm. Sjálf er byggingin ekki ósnotur, og þegar inn er komið þá er hún stílhrein, og þar er helgiró inni og útsýnið var áhrifamikið, mér fannst það hinsvegar spilla, að í gólfíð hafði verið greipt stórum stöfum á 15. ári hins rómverska veldis. Það var á latnæsku máli, en þetta átti að merkja, að það væri á ~~14~~ 15. ári þess tímatala, sem Mussoloni setti sér. Mér fannst það nú eiga einkanlega illa við á þessum stað, þar sem reist var musteri til dýrðar Jesú, að hafa Mussolini þar við riðið, en hitt mátti segja við betri athugun, þá eyddi þessi smekkleysa sér sjálf, því að hún sýndi, hversu fá~~æ~~ fá-fengilegt það er fyrir jafnvel veraldlega höfðingja að ætla að fara að klína sjálfum sér eða sínu tímatali saman við þá atburði, sem þarna höfðu gerzt. Það minnir einungis á fallvaltleik þess veldis, sem Mussolini hafði stofnað, að hann skuli hafa sett sitt tímatal einmitt á þennan stað. Þarna voru umsjárkonur, nokkrar ítalskar nunnur, sem vildu allt fyrir okkur gera. Því miður skildum við ekki þeirra mál, þó sumir í okkar liði gerðu það, og þáðum því ekki af þeim beina, sem þær vildu gjarnan veita okkur. Ég spurði þær, hvort það væri víst, að á einmitt þessum stað hefði ræðan verið haldin. Ég skildi svo mikið, ~~þá~~ þær brugðu fyrir sig frönsku, þær sögðu ef til vill hérna, ef til vill þarna, en örugglega á þessum slóðum. Og víst var þetta fagur og verðugur staður, og ég segi eins og er, að á fáum stöðum hreifst ég meira heldur en einmitt þessum.

En erindi okkar var nú ekki fyrst og fremst að skoða helgistaði, allra sízt kristna helgistaði, vegna þess að við

vorum þarna í boði ríkisstjórnar Ísraelsríkis og í umsjá þeirra manna, sem í gyðingdómi eru upp fræddir. Þeir töluðu ætíð með virðingu um okkar helgu dóma og vildu á sig leggja erfiði til þess að sýna okkur þá, hinsvegar höfðu þeir með eðlilegum hætti ekki sérstakan áhuga fyrir þeim. Við vitum það, að í þeirra fræðum þá telst nýja testamenntið ekki til biblíunnar og þeir véfengja ekki, að Jesús Kristur hafi verið til, en telja hann einungis einn af mörgum trúboðendum eða sértrúarmönnum innan sinnar eigin trúar og um hann er sem sagt hvergi getið í þeim helgu ritum, sem þeir meta mest, þó að í síðari tímaritum þeirra sé á hann minnzt, þá er það til ádeilu eða til að hnekkja hans kenningum. Nú, en þeir gera sér að sjálfsögðu grein fyrir þeirri miklu þýðingu, sem hann hefur haft fyrir heimsmenninguna og í hverjum metum hann er hafður af þeim þjóðum, sem telja hann sinn Messías.

Erindið var sem sagt fyrst og fremst til þess að kynnst því, sem í þessu landi hefur verið gert hin síðari ár og þeirri þjóð, sem þar býr, og það er enginn vafi á því, að eins og landið hefur tekið miklum stakkaskiptum frá því sem var á Krists dögum og mjög þornað um margra alda skeið, þannig að við auðn lá og almenn fátækt ríkti áður en Gyðingar hófu þangað sína innflutninga nú á þessarri öld eða seinast á hinni síðustu, þá hefur landið nú á þessum síðustu áratugum tekið mjög miklum breytingum til bóta og er að verða allt annað land heldur en það áður var, og sennilega betra land heldur en það hefur nokkru sinni fyrr verið. Ég hef víða farið og litast um, bæði með stórum þjóðum og smáum, en ég hef hvergi séð neitt viðlíka mikið af framkvæmdum og stórvirkjum, sem verið er að vinna að, eins og í Ísrael, og maður hlýtur að undrast, að ekki stærra landsvæði, þarna er einungis um að ræða 1/4 hluta Íslands að flatarmáli, og mikill hluti landsins enn eyðimörk, að á ekki stærra landsvæði skuli vera hægt að ráðast í samtímis öll þau stórvirki. Heimamenn viðurkenna fúslega, að þeir geti ekki í þetta ráðizt nema með atbeina og hjálp sinna ættmenna í öðrum löndum og þá einkanlega í Bandaríkjunnum og raunar einnig í vestanverðri Evrópu. Hér skal einnig geta um, að nú stóð yfir hafnargerð við bæðinn Astot (?), hafnargerð, sem er svo stór að Reykjavíkurhöfn, eða allt, sem við getum hugsað okkur, er eins og smáræði,



miðað við þetta, það er rétt hjá verið að byggja upp bæ, er áður hafði verið gamall bæ, ég segi áður, það hefur verið á tímum .... skilzt mér, bæ, sem ~~á~~ hét Astot, en litlar leifar standa eftir. Nú er þarna kominn hér um bil 20 þúsund manna bæ og þeir ráðgera/<sup>að</sup>eftir nokkra áratugi verði hann orðinn 2-300 þúsund. Þetta á að verða hafnarborg fyrir suðurhluta landsins, sem nú er enn að verulegu leyti eyðimörk. Suður í henni er helzti bærinn Berseba, sem ég minntist á áðan. Fylgdar- maðurinn, gjörkunnugur, sem var með okkur, hélt, að þar byggju svona 25-30 þúsund manns, tók þá upp bók og sá, að þar var skráð, bókin hafði komið út fyrir 2-3 dögum, þar var skráð, að íbúarnir væru 51.700, það gætu kannske verið eitthvað fleiri, úr því að það hefði aukizt svona frá sinni þekkingu, og þegar við komum inn í bæinn var okkur sagt, að íbúarnir væru orðnir 70-80 þúsund. Verulegur hluti af þessu fólki vinnur við miklar framkvæmdir, ~~s~~ sem verið er að gera við Dauðahafið, og er þó alllangur akstur, minnstakostu klukkutíma akstur þangað, en þær framkvæmdir eru mestar í námunda við Sódóma og eru til þess að vinna ýmiskonar efni úr Dauðahafinu. Þar er nýlokið við verksmiðjugeð, mjög stóra, en svo nýtízkulega, að ekki þarf nema 8 menn á vakt hverju sinni, til þess að vinna við hana. Stærst af öllu er þó kannski vatnsveitan mikla, sem er tekin úr Genesaret-vatni, ekki langt frá Kabaneum (?) en þaðan er leitt vatn ýmist gegnum ~~þ~~ pípur eða opna skurði, eftir landslagi, og tengt við aðrar vatnsveitur svo nemur um 250 kílómetra veg suður á eyðimörk. En þar er lífs- nauðsyn að fá vatnið, og raunar víðast hvar á milli, vegna þess að ef þeir geta fengið vatnið, þá er hægt að rækta jörðina, en vatninu er úðað út ~~svipað~~ svipað eins og menn þekkja hér af túnblettum hjá sér heima við hús, útað út --- það hringsnýst stöðugt, tæki, en hyggilegast er að hafa það ekki í gangi að degi til, vegna þess að þá brennir sólin eða þurrkar sólin það ~~þ~~ upp jafnóðum, það er helzt að nóttu til og þá snemma morguns eða á kvöldi að slík vökvun kemur að gagni. Nú, til viðbótar þessum stórvirkjum eru auðvitað nýbyggjngar hvarvetna, ræktun landsins, skólar, spítalar, háskólabýggingar, ~~því~~ það er gott dæmi um það, hvernig fjár er til þessa aflað. Háskóla- rektorinn í Jerúsalem sýndi mér hinn mikla háskóla, sem þar er verið að byggja. Ég sagði: Ekki hafið þið nú efni á því að byggja þetta sjálfir? Nei, við fáum allt fé gefins frá ætt-

mennum okkar erlendis, sem þarf til að koma húsunum upp, áhöld og bækur og annað slíkt, en svo tókum við að okkur sjálfir reksturinn. Aftur á móti spítali, sem tengdur er við háskólann, þó hann sé alllangt í burtu, hann er ekki einungis byggður, heldur einnig rekinn fyrir fé, sem konur af Gyðingaættum í Bandaríkjunum hafa safnað og safna enn. Til þess arna þarf mikinn fórnarvilja og áhuga, sem ekki einungis lýsir sér í þessu, heldur í mörgu fleiru, sem í þessu landi má sjá, því það svo merkilegt sem það er að sjá þessi mannvirki öll og bygging þeirra, þá er hitt ekki síður furðulegt að horfa á, hvernig verið er að steypa saman þjóðarbrotum í eina heild. Við höfum þá trú hér, að hægt sé að þekkja Gyðinga efg eftir útliti, en þegar maður kemur þarna suðrefitir, þá sér maður hvílík fásinna það er. Þarna eru menn hvítir, ljóshærðir, blakkir, jafnvel kolsvartir, ýmsir, en sumir líta út eins og Arabar, þannig að við sjáum að minnsta kosti ekki mun á því. Ef svo mætti segja, þá eru allra þjóða kvikindi, sem þarna má sjá, sem hafa mótazt af því umhverfi, sem þeir hafa verið í. Hvernig stendur þá á því, að þeir hafa haldið sinni ~~gyð~~ gyðinglegu menningu eða tryggð, ef svo má segja? Ja, það er þekkingin á hinum ~~hætt~~ fornu helgiritum og nánast án tillits til þess, hvort þeir trú á þau bókstaflega og trú á þann guð, sem þau fjalla um, en þá er það trúin á landið, trúin á menninguna, trúin á það, að þeir séu þjóð, eigi eftir að endurheimta sitt land.

Ungur maður, sem við hittum, raunar í London, að því er ég ætla fyrirgreiðslumaður flugfélagsins, sem flutti okkur frá London til Ísrael, sagðist sjálfur hafa komið frá Írak, sem er ekki langt í burtu, Bagdad, hafa búið þar ásamt sinni fjölskyldu. Þar hefði verið, þegar hann var ungur, kringum 1950, eitthvað 125 þúsund Gyðingar. Af þeim hefðu 120 þúsund flutt til Ísrael, meira og minna verið smyglað úr landi. Hann sagði: "Þetta var erfitt fyrir okkur, sem ung vorum, en við fórum í skóla, lærðum hebresku, samlögumst landinu, en þetta var miklu erfiðara fyrir gamla fólk, vegna þess, að það ~~trúði~~ trúði bókstaflega því, sem í biblíunni stóð, að ~~þar~~ þar drypi hunang, flóði allt í mjólk og hvernig allar þær fögru lýsingar eru, og hefði þessvegna alls ekki verið viðbúið þeim miklu erfiðleikum og þrotlausu vinnu, sem þetta fólk nú leggur á sig. En það dylst engum, sem þetta sér, að Gyðingar eru nú komnir í sitt

land. Þeir þurfa eins og aðrar þjóðir að eiga sitt land. Þeir höfðu of lengi þurft að una því að vera annars flokks fólk, eins konar gestir með framandi þjóðum, það var auðheyrt af tali forystumanna, að þeir fundu sjálfir að þetta hafði magnað veikleika þjóðarinnar, skapað henni ýmsi ýmiskonar miður æskilegax eiginleika. Þessvegna töldu þeir það henni lífsskilyrði að hverfa aftur heim og tileinka sér sitt land og þá ekki sízt að rækta landið og ég hygg líka að það séu fáar þjóðir, sem geri meira fyrir sitt land nú á dögum og elski það meira heldur en þetta fólk. Það er athyglisvert, að þessi hreyfing um að hverfa aftur til Gyðingalands, hún hófst ~~seint~~ seint á síðast liðinni öld, áður en hinar hatrömmustu Gyðingaofsóknir hófust, en þó að ~~þetta~~ margt væri áhrifaríkt í Gyðingalandi, þá verð ég að segja, að einna dýpst áhrif hafði á mig og okkur, þegar við komum á þann stað, sem helgaður hefur verið því, sem þeir kalla hetjur og fórnarlömb, hvernig það á að leggjast þút, þeirra, sem urðu fyrir ofsóknunum miklu á tímabilinu frá 1933 fram til 1945. Og það er sannast sagt, þó að menn hafi mikið um þetta heyrt og lesið og séð af því myndir, þá er það ótrúlegt að þvílíkur skepnuskapur, þvílíkt ofstæki, blind heimska skuli hafa getað vaxið upp frá því að við, sem flest erum hér inni, urðum fullorðin og hafa getað gerzt á okkar dögum, og það er vissulega svo, að þeir menn, sem tilheyra vestrænni menningu, eiga mikla skuld að gjalda til Gyðingapjóðarinnar, fyrir þær hörmungar, sem þeir þá urðu undir að ganga, en þá einnig fyrir það, að þó að þeir séu annarrar trúar en við, þá er það þeirra ~~menning~~ menning og þeirra umhverfi, sem hefur gefið okkur okkar trú og þessvegna ~~þess~~ hljótum við af heilum huga að óska þeim vel- ~~gængni~~ gengni í þeirra gömlu, en nú ný-endurheimtu heimkynnum.

---